





Bið eftir hjúkrunarrými

Einstaklingar sem óska eftir rými á hjúkrunarheimili þurfa að undirgangast færni- og heilsumat þar sem lagt er faglegt mat á þörfina fyrir varanlegt búsetuúrræði á hjúkrunarheimili. Í nóvember 2017 voru 365 einstaklingar á biðlista eftir hjúkrunarrými á landinu öllu. Mynd 1 sýnir biðlista eftir hjúkrunarrými á landsvísi frá janúar 2014 til nóvember 2017. Annars vegar er sýndur fjöldi einstaklinga á biðlista eftir hjúkrunarrými á hverja 1.000 íbúa 67 ára og eldri (græn lína) og hins vegar fjöldi sem hafði beðið lengur en 90 daga (grá lína). Fæstir voru á biðlista í janúar 2014 eða 5,8 einstaklingar á hverja 1.000 íbúa 67 ára og eldri. Flestir biðu hins vegar í nóvember 2017, 8,9 á hverja 1.000 íbúa í fyrrnefndum aldurshópi, eða um helmingi fleiri.

Um þrír af hverjum fjórum einstaklingum sem fá varanlega búsetu á hjúkrunarheimili eru 80 ára eða eldri. Myndir 2 og 3 sýna heildarfjölda karla og kvenna, 80 ára og eldri, sem voru á biðlista í hverju heilbrigðisumdæmi, auk fjölda sem hafði beðið lengur en 90 daga. Línan sýnir hversu hátt hlutfall einstaklinga á biðlista eftir hjúkrunarrými hafði beðið lengur en 90 daga. Að undanskyldum Vestfjörðum, þar sem fáir hafa verið á biðlista og vægi hvers einstaklings er mikið þegar reiknað er út hlutfall, má sjá að a.m.k. 30% karla höfðu verið lengur en 90 daga á biðlista eftir hjúkrunarrými á öllum tíma-



Mynd 1. Heildarfjöldi á biðlista á hverja 1.000 íbúa 67 ára og eldri á landsvísi. Tölurnar einskorðast við þá sem biðu eftir að fá varanlega dvöl á hjúkrunarheimili en taka ekki til þeirra sem biðu eftir flutningi frá einu hjúkrunarheimili til annars. Gráa línan sýnir fjölda sem hafði beðið lengur en 90 daga.



Mynd 2. Karlar, 80 ára og eldri, sem voru á biðlista eftir hjúkrunarrými. Vinstri y-ás sýnir fjölda (súlur) en hægri y-ás sýnir % (lína). *Tölur fyrir 2017 ná til nóvember.

Efni: Bið eftir hjúkrunarrými

bls. 1

Ritstjórn
Sigríður Haraldsdóttir sviðsstjóri, ábm.
Védís Helga Eiríksdóttir


Ritstjóri
Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Embætti landlæknis

Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími 510 1900
Bréfasími 510 1919
mottaka@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is



11. árgangur. 9. tölublað. Nóvember—desember 2017




Mynd 3. Konur, 80 ára og eldri, sem voru á biðlista eftir hjúkrunarrými. Vinstri y-ás sýnir fjölda (súlur) en hægri y-ás sýnir % (lína). *Tölur fyrir 2017 ná til nóvember.

punktum. Þetta hlutfall var alla jafna heldur hærra á meðal kvenna og fór sjaldan undir 40%.


Á myndum 4 og 5 er búið að greina biðlista eftir heilbrigðisumdæmum. Myndirnar sýna karla og konur 80 ára og eldri sem biðu eftir varanlegri búsetu á hjúkrunarheimili á hverja 1.000 íbúa af sama kyni og aldurshópi í hverju heilbrigðisumdæmi. Á fyrstu 11 mánuðum ársins 2017 voru fæstir karlar á biðlista eftir hjúkrunarrými á Vesturlandi eða að meðaltali 5,8 af hverjum 1.000 körlum 80 ára og eldri. Á sama tíma var hlutfallið 29,1 á Austurlandi en 15,1 á höfuðborgarsvæðinu. Til samanburðar var hlutfallið 10,7 á höfuðborgarsvæðinu árið 2014. Á þeim tíma voru hlutfallslega flestir karlar á biðlista á Suðurnesjum og á Austurlandi eða um og yfir 30 af hverjum 1.000.

Þegar á heildina er litið voru hlutfallslega fleiri konur en karlar á biðlista eftir hjúkrunarrými á árunum 2014-2017. Árið 2017 voru fæstar konur á biðlista á Vesturlandi, eins og hjá körlunum. Á fyrstu 11 mánuðum ársins 2017 höfðu að meðaltali 10,2 af hverjum 1.000 konum 80 ára og eldri í heilbrigðisumdæminu verið á biðlista



Mynd 4. Meðalfjöldi karla 80 ára og eldri sem biðu eftir hjúkrunarrými á hverja 1.000 karla á samsvarandi aldri í heilbrigðisumdæminu.

*Miðað er við meðalmannfjölda árunum 2014-2016 en mannfjöldi í upphafi árs 2017. Tölur fyrir 2017 ná til nóvember.



Mynd 5. Meðalfjöldi kvenna 80 ára og eldri sem biðu eftir hjúkrunarrými á hverja 1.000 konur á samsvarandi aldri í heilbrigðisumdæminu.

*Miðað er við meðalmannfjölda árunum 2014-2016 en mannfjöldi í upphafi árs 2017. Tölur fyrir 2017 ná til nóvember.

eftir hjúkrunarrými. Á sama tíma var þetta hlutfall 44,4 á Norðurlandi, 35,9 á Austurlandi og 19,2 á höfuðborgar-

svæðinu. Hlutfallslega flestar konur voru aftur á móti á biðlista árið 2015 en þá voru að meðaltali 81,4 af hverjum 1.000



konum á Austurlandi og 58,4 af hverjum 1.000 konum á Suðurnesjum á biðlista eftir hjúkrunarrými.

Í desember 2017 höfðu 800 einstaklingar fengið varanlega búsetu á hjúkrunarheimili það sem af var ári. Á mynd 6 má sjá að undanfarin ár hefur miðgildi biðtíma lengst nokkuð. Miðgildi biðtíma var 46 dagar árið 2014 en það sem af er ári 2017 var hann 69 dagar, eða helmingi lengri. Hér er valið að fjalla um miðgildi biðtíma til þess að draga úr áhrifum af óvenjulega löngum eða skömmum biðtíma sem kemur fram ef reiknaður er meðalbiðtími.


Frá janúar 2014 til desember 2017 fengu 3.310 einstaklingar varanlega búsetu í hjúkrunarrými; 804 voru yngri en 80 ára og 2.506 voru 80 ára eða eldri. Konur voru 1.932 og karlar 1.378. Hjá þeim sem voru yngri en 80 ára var miðgildi biðtíma 56 dagar hjá körlum og 69,5 dagar hjá konum á fyrstu 11 mánuðum ársins 2017. Þeir sem voru 80 ára eða eldri biðu hins vegar aðeins lengur en þeir yngri, miðgildi biðtíma karla var 62 dagar en kvenna 71 dagur.

Þegar bið eftir hjúkrunarrými á árunum 2014 til 2017 er skoðuð eftir búsetu má sjá að miðgildi biðtíma var hæst á Suðurnesjum árið 2016 eða 221 dagar (mynd 7). Það sem af er árinu 2017 hefur miðgildi biðtíma á Suðurnesjum hins vegar lækkað umtalsvert og er nú 84 dagar, þrátt fyrir að hjúkrunarrýmum hafi fækkað hlutfallslega í umdæminu frá árinu 2013 ef litið er til íbúafjölda 67 ára og eldri á svæðinu. Það sem af er ári hefur miðgildi biðtíma verið 104 dagar á Norðurlandi, en þar eru fleiri hjúkrunarrými á hverja 1.000 íbúa 67 ára og eldri en að meðaltali á landsvísu skv. tölum á vef velferðarráðuneytisins.


Samantekt

Biðtími eftir hjúkrunarrými hefur verið nokkuð breytilegur milli heilbrigðisumdæma og árunna 2014-2017. Á heild-

11. árgangur. 9. tölublað. Nóvember—desember 2017



Mynd 6. Súlurnar sýna fjölda þeirra sem fengu hjúkrunarrými á árinu (vinstri y-ás). Línan sýnir miðgildi biðtíma þeirra sem fengu hjúkrunarrými í dögum (hægri y-ás). *Tölur fyrir 2017 ná til desember.



Mynd 7. Miðgildi biðtíma þeirra sem innrituðust í hjúkrunarrými á árunum 2014-2017. *Tölur fyrir 2017 ná til desember.

ina litið hafa bæði biðlistar og biðtími lengst, en þó má sjá jákvæðar breytingar, t.d. á Suðurnesjum.

Ýmsar ástæður eru fyrir því að biðtími eftir hjúkrunarrými hefur lengst. Fyrst má nefna að íslenska þjóðin er að eldast. Þá hefur aðbúnaður á hjúkrunarheimilum víða verið bættur, fjölbýlum m.a. breytt í tvíbýli eða einbýli og við það hefur hjúkrunarrýmum fækkað. Tekið skal fram að hér á landi eru hlutfallslega fleiri hjúkrunarrými en á öðrum Norðurlöndum, en þar er víða

öflugri heimahjúkrun og heimaþjónusta sem getur gert einstaklingum kleift að búa lengur heima en ella. Æskilegt væri að efla slíka þjónustu hérlandis en einnig þarf að byggja fleiri hjúkrunarheimili til að geta boðið hjúkrunarrými fyrir þá sem geta ekki búið heima þrátt fyrir öfluga heimahjúkrun og heimaþjónustu.

Agnes Gísladóttir
Laura Scheving Thorsteinsson
Sigríður Egilsdóttir